

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	ÍSL 503 Kennsluáætlun Vorönn 2012	

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir og Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	ALH, ÞHJ
----------------	---	---------------	----------

Áfangalýsing: Í áfanganum kynnst nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar og fyrstu árum 21. aldar í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlandis og erlendis á sama tímaskeiði. Nemendur kynnst helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og skoða erindi þeirra við samtímann. Nemendur vinna skrifleg og munnleg verkefni í tengslum við efni áfangans.

Markmið: Að nemandi öðlist innsýn í bókmenntasögu tímabilsins.

- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir.
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum.
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra.
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og einkennum í verkum þeirra.
- geti greint málfarsleg einkenni mismunandi bókmenntastefna.
- vinni undir leiðsögn kennara að bókmenntakynningum .

Námsgögn:

Öldin öfgafulla e. Dagnýju Kristjánsdóttur (2010)

Salka Valka e. Halldór Kiljan Laxness (Ýmsar útgáfur)

ÍSL 503 Textahefti (2010 – VMA skrifstofa)

Myndefni og ljósrit eftir því sem við á.

Áætlun um yfirferð:

1. lota 6.1. – 20.1. Kynning áfangans; **1900 - 1920** *Öldin öfgafulla* (ÖÖ) bls. 9 – 50 og textahefti fyrir ÍSL 503; Ísland í upphafi 20. aldar og breytingar á næstu 20 árum. Fjallað um helstu höfunda, verk þeirra skoðuð og bókmenntastefnur tímabilsins s.s. nýrómantík. Hafinn lestur á skáldsögunni *Sölku Völku*.

2. lota 23.1. – 10.2.: *Öldin öfgafulla 1920 – 1940* (ÖÖ) bls. 51 – 81 og textahefti. Fjallað um bókmenntasögu tímabilsins, helstu höfunda og breytingar í samfélaginu á krepputímum. Farið verður í grunnatriði skáldsögugreiningar auk þess sem skáldsagan *Salka Valka* eftir Halldór K. Laxness verður krufin og rædd. Lotunni lýkur með tímaverkefni (10%) og krossaprófi úr *Sölku Völku* á Moodle (10%).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	ÍSL 503 Kennsluáætlun Vorönn 2012	

3. lota 13.2. – 24.2.: Öldin öfgafulla 1940 – 1950 (ÖÖ) bls. 83 – 105 og textahefti f. ÍSL 503; Áhrif og afleiðingar heimsstyrjaldar, hernáms og kalda stríðsins á íslenskt þjóðfélag og bókmenntir. Lotupróf (krossapróf á Moodle 10% og tímapróf 15%) frá tímabilinu 1900 – 1950.

4. lota 27.2. – 9.3.: Öldin öfgafulla 1950 – 1960 (ÖÖ) bls. 107 – 141. Farið verður í bókmenntasögu tímabilsins og helstu höfunda. Einkenni smásagna verða rifjuð upp auk þess sem smásögurnar í textaheftinu verða lesnar. Lotunni lýkur með verkefni úr smásögum (10%).

5. lota 12.3. - 30.3.: Öldin öfgafulla 1960 – 2000 (ÖÖ) bls. 143 – 245 og textahefti f. ÍSL 503; Farið verður í bókmenntasögu tímabilsins og helstu höfunda. Lotupróf (krossapróf á Moodle 10% og tímapróf 10%) frá tímabilinu 1960 – 2000.

6. lota 11.4. - 30.4. (Ath. páskafrí) Öldin öfgafulla 2000 – 2010 (ÖÖ) bls. 247 – 263 og textahefti f. ÍSL 503; Drepið verður á helstu atriði tímabilsins, helstu stefnur og höfunda. Tímaverkefni (5%) Nemendur velja skáldverk frá síðari árum, af bókalista, (útvega sér bækurnar sjálfir) vinna verkefni og flytja fyrirlestur (20%).

Námsmat og vægi námsþátta: Áfanginn er próflaus í annarlök en námsmat og lokaekunn byggist á eftirfarandi námsþáttum annarinnar:

2. lota: <i>Salka Valka</i> (krossapróf á Moodle (10) og verkefni (10)	20%
3. lota: Lotupróf (krossapróf á Moodle (10) og tímapróf (15)	25%
4. lota: Verkefni úr smásögum	10%
5. lota: Lotupróf (krossapróf á Moodle (10) og tímapróf (10)	20%
6. lota: Skáldverk – fyrirlestur (20) og tímaverkefni (5)	25%

Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni. Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu VMA.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils